


## Hljómfræði F4

Hljómfræði F4 er lokaáfanginn í hljómfræði til framhaldsprófs. Til þess að mega taka hann verða nemendur áður að hafa lokið Hljómfræði F3. Að honum loknum er ætlast til þess að nemendur hafi náð þeim markmiðum sem aðalnámskrá tónlistarskólanna setur fram varðandi hljómfræðinám í framhaldsstigi og að nemendur séu tilbúnir að takast á við hljómfræðinám á háskólastigi.

### Námsefni:

*Hljómamál: kennslubók í hljómfræði* eftir Atla Ingólfsson

Bókin fæst í Vaski.



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Hljómfræði F4.

### **Hljómfræðiatriði**

Nemandi

- þekki muninn á díatóník og krómatík
- þekki eftirfarandi hljómfræðiatriði og geti nýtt þau við hljómsetningu einfaldra laga, greiningu og gerð hljómaráða:
  - hinar fjórar gerðir þríhljóma.
  - frumhljóm (grunnhljóm), undirforhljóm, forhljóm og leiðsöguhljóm.
  - alla þríhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll.
  - minnkaða hljóma og lausn þeirra.
  - alla sjöundarhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll og lausnir þeirra.
  - aukaforhljóma í öllum hljómhvörfum með og án sjöundar.
  - fullminnkaða hljóminn á sjöunda sæti, jafnt í dúr og moll, hans lausnir og gabblausnir.
  - algengustu lánshljóma, þ.e. stækkaða hljóminn á fimmta sæti, lækkað annað sæti í dúr (N6, Napolíhljóminn) og hálfminnkaða hljóminn á öðru sæti.
  - öll tóntegundaskipti, upp og niður, frá einu formerki að fjórum.
  - helstu gerðir niðurlaga, þ.e. fullkominn-, ófullkominn-, fullgerðan- og ófullgerðan aðalendi; hálfendi; gabbendi og kirkjuendi.
  - helstu raddfærslureglur í dúr og moll.
  - alla komutóna (hljómframandi tóna), þ.e. tengitóna, skiptitóna, biðtóna, áherslubiðtóna, granntóna, stökktóna og hljóumboða.

- hafi vald á ofangreindum þekkingaratriðum í hljómrænu díatónísku og krómatísku samhengi og geti beitt þeim í fjögurra radda skrifum.
- geti samið hljómagang með fjölbreyttum hljómskiptum, góðri lagrænni hreyfingu sóprans og bassa og viðeigandi endum.
- þekki helstu möguleika undirbúnings- og lausnarhljóma í algengum hljómferlum, þar á meðal gabblausnir.
- hafi öðlast þjálfun í hljómgreiningu fjölbreyttra dæma úr tónbókmenntunum, með sérstakri áherslu á hljómsetningar J.S. Bach á sálmalögum.
- hafi, eftir því sem tök eru á, kynnst grundvallaratriðum bókstafahljómakerfisins.